

Hafið kveikt á NumLock hægra megin á lyklaborðinu. Að ná fram sértáknum úr lyklaborði (sjá bls. A-2).

Hornklofar eru notaðir til að afmarka innskot eða úrfellingu í beinni tilvitnun og utan um hljóðritun.

Hornklofa skal setja utan um það, sem skotið er inn í orðréttu tilvitnun.

Dæmi: „Honum [þ.e. **Hvítingi**] hafði ekki orðið eitrið að bana.“

Hið innskotna orð skal auðkennt, t.d. með undirstrikun í skrifuðu máli og skáletri eða feitletri á prenti.

Alt 091 [

Alt 093]

Eftir að hornklofi opnast að fyrsta staf innan hans er ekki bil.
Frá síðasta staf innan hornklofa að lokun hans er ekki bil.
Orðið sem er skotið inn í er oft auðkennt með skáletri eða feitletri.
„Ég óska henni [þ.e. *Ingibjörgu*] alls hins besta.“

Margföldunarmerkið

Insert – Symbol


More Symbols

(Symbol)

Alt 0183 ·

Alt 0215 ×

Á lyklaborði: *



Á undan og eftir margföldunarmerkinu er eitt bil.

Margföldun og veldi:

$$7 \times 10 - (2 \times 4)^2$$

$$8 \cdot 8 = 64$$

$$5 \times 5 = 25$$

$$25 * 17$$

Miðpunktur og kross eru mest notuðu margföldunarmerkin.

Stjarna er notuð sem aðgerðartákn í forritunarmálum.

Þrír punktar eru úrfellingarpunktar sem notaðir eru til að sýna að texti hafi verið felldur brott.

Þeir eru hafðir þrír saman. Ef felldur er niður hluti orðs er ekki haft bil milli síðasta stafs í orðinu og punktanna.

Ef fellt er niður eitt orð eða fleiri er bil á undan og eftir úrfellingarpunktunum.

Alt 0133 ...

Hvar í fj... er hún? Köttur úti í mýri ... úti er ævintýri.

Ugla sat á kvisti ... eitt, tvö, þrjú og það varst þú.

#

**#
3**

Shift og 3 á lyklaborði

Íslendingar voru duglegir að tísta á vefsíðunni Twitter.com laugardagkvöldið 14. maí 2016, þegar Eurovision stóð sem hæst, undir merkinu #12stig.

Alt 0188 ¼

Alt 0189 ½

Alt 0190 ¾

Strik

Alt 0150 –

¾ af yfirborði jarðar eru á kafi í sjó.

Ferðin tók 1½ dag.

Aðeins ¼ af yfirborði jarðar er þurrlendi.

–Hefur Guðmundur hringt? –Nei.

Att-merkið

á-merki

hjá-merki

vistmerki

er notað í tölvupóstföngum og á viðskiptaskjölum.

Att-merkið @

Alt 064

AltGr og Q

Netföng eru mynduð úr tveimur hlutum, notandanafni og tölvunafni, sem skeytt er saman með @ merkinu. Merkið @ er á ensku lesið „att“ og á íslensku hefur verið stungið upp á þýðingunni „hjá“.

Netfangið johanna@johanna.is er lesið „johanna att johanna.is“.

Netfangið er alþjóðlegt einkenni notandans og skilst hvar sem er á Internetinu.

Tölvupóstfang er tiltekinn stafastrengur þegar tölvupóstur er sendur, (oft) nafntákn notanda, merkið @ og umdæmi.

Dæmi: jge@fb.is caroline@diab.org.uk

Uppruni táknsins er úr bókhaldi. Það var (og er) sett á reikninga og þýðir „á“.

Dæmi: 300 stk. @ 500 krónur stk.

Verðmerki: 12 stk. @ kr. 250.